

Hulda Kristjánsdóttir

From: Ragnhildur Sveinbjarnardóttir <ragnhildur@south.is>
Sent: föstudagur, 31. mars 2023 14:45
To: Markaðsstofa Suðurlands
Cc: Ásgerður K. Gylfadóttir; Grétar Ingi Erlendsson; Icelandic Horseworld; Ágúst Elvarsson; Geir Gígja; Guðmundur Fannar Vigfússon
Subject: Könnun til sveitarfélaga á Suðurlandi - Markaðsstofa Suðurlands
Attachments: Erindi til sveitarfélaga við endurnýjun samninga_2022_óútfyllt.pdf; Erindisbréf-faghópur sveitarfélaga á Suðurlandi um ferðamál 2023.pdf; Könnun meðal sveitarfélaga á Suðurlandi vor 2023.docx; Starfsáætlun Markaðsstofu Suðurlands 2023.pdf

Komið sæl

Erindi þetta er sent til allra sveitarfélaga á Suðurlandi, hvort sem þau eru með samstarfssamning við Markaðsstofu Suðurlands eða ekki.

Við hjá Markaðsstofu Suðurlands óskum eftir því að sveitarstjórn eða bæjarráð ásamt fulltrúa sveitarfélagsins í „Faghópi sveitarfélaganna um ferðamál á Suðurlandi“ eða starfsmanni sem fer með málefni ferðaþjónustu hjá sveitarfélaginu fjalli um og svari sameiginlega meðfylgjandi könnun.

Könnun þessi er hluti af stefnumótunarvinnu Markaðsstofu Suðurlands og auk þess verða upplýsingar nýttar inn í samningagerð við ríki og sveitarfélög í haust.

Fylgigögn: Ársskýrsla Markaðsstofu Suðurlands 2023, Erindisbréf faghóps, Erindi til sveitarfélaga vegna endurnýjunar samninga (þar eru helstu samstarfsverkefni talin upp).

Gott væri ef svör bærust til Markaðsstofunnar fyrir lok apríl.

Með bestu kveðju | Best regards

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir
Framkvæmdastjóri | Managing Director

Markaðsstofa Suðurlands | Visit South Iceland
Fjölheimar, Tryggvagata 13, 800 Selfoss
+354 560 2050 | ragnhildur@south.is
www.south.is





Könnun meðal sveitarfélaga á Suðurlandi vor 2023 - starfsemi og hlutverk Markaðsstofu Suðurlands –

Markaðsstofa Suðurlands er **samvinnuvettvangur ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja** í ferðaþjónustu á Suðurlandi um **ímyndarsköpun, þróun og markaðssetningu** áfangastaðarins í heild. Markaðsstofan **markar stefnu fyrir ferðaþjónustu** innan landshlutans í gegnum áfangastaðaáætlun ásamt því að sinna **fjölþættu kynningarstarfi og ráðgjöf** til fyrirtækja varðandi markaðssetningu. Markaðsstofan kemur fram fyrir hönd landshlutans á ferðasýningum og -kynningum innanlands og erlendis og með því **eru kynningarmál samhæfð**, gerð skilvirkari auk þess að minnka kostnað. Markaðsstofan sinnir **hagsmunagæslu fyrir landshlutann** þegar kemur að ferðamálum og á í góðu **samstarfi** við aðila innan svæðis, í öðrum landshlutum, ráðuneyti og opinberar stofnanir. Markaðsstofan vinnur einnig að því að **skapa þekkingu, miðla upplýsingum og styðja við nýsköpun** í ferðamálum í landshlutanum.

Könnun þessi er hluti af stefnumótunarvinnu Markaðsstofu Suðurlands og auk þess verða upplýsingar nýttar inn í samningagerð við ríki og sveitarfélög í haust.

Könnunin er send á öll sveitarfélög á Suðurlandi og er óskað eftir því að sveitarstjórnir eða bæjarráð svari ásamt fulltrúa sveitarfélagsins í „Faghópi sveitarfélaganna um ferðamál á Suðurlandi“ eða starfsmanni sem fer með málefni ferðaþjónustu hjá sveitarfélaginu.

Fylgigögn: Ársskýrsla Markaðsstofu Suðurlands 2023, Erindisbréf faghóps, Erindi til sveitarfélaga vegna endurnýjunar samninga (þar eru helstu samstarfsverkefni talin upp).

Könnun – „nafn sveitarfélags“

1. Sem hluti af þessu samstarfsverkefni sem Markaðsstofan er milli ríkis, sveitarfélaga og ferðaþjónustu á Suðurlandi gera sveitarfélögin samstarfssamning við Markaðsstofu Suðurlands.
 - a. Hefur sveitarstjórn/bæjarráð kynnt sér samstarfssamning sveitarfélagsins við Markaðsstofu Suðurlands?
 - b. Telur sveitarstjórn/bæjarráð sig nægilega upplýst um starfsemi Markaðsstofunnar og hlutverk hennar gagnvart sveitarfélaginu, landshlutanum og atvinnugreininni? Ef ekki, hvernig má bæta úr því?
 - c. Hvaða ávinning telur sveitarfélagið sig hafa af samstarfi við Markaðsstofuna?
2. Markaðsstofan kom á fót og hefur haldið utan um faghóp sveitarfélaganna á Suðurlandi um ferðamál. Í þann hóp tilnefnir hvert sveitarfélag sinn fulltrúa samkvæmt samningi og þar er farið yfir málefni sem snerta ferðaþjónustu og sveitarfélög. Meðfylgjandi könnun er erindisbréf faghópsins.
 - a. Hvernig hefur fulltrúi ykkar sveitarfélags haft gagn af starfi faghópsins?
 - b. Hefur fulltrúi ykkar óformlegan/formlegan vettvang eða tækifæri til að miðla upplýsingum frá fundum faghóps til kjörinna fulltrúa?
 - c. eru sérstök málefni sem ykkur finnst að faghópurinn eigi að fjalla um?
 - d. Hefur faghópsfulltrúi/sveitarfélag leitað ráðgjafar um málefni er tengjast ferðaþjónustu eða uppbyggingu áfangastaða á síðustu árum?
3. Markaðsstofa Suðurlands hefur bókað sýningarbása á ferðasýningunum Vestnorden og Icelandair Mid-Atlantic þegar þær eru haldnar hér á landi. Þar hefur starfsfólk Markaðsstofunnar og sveitarfélaganna í sameiningu kynnt áfangastaðinn Suðurland sem eina heild. Þetta skapar sterka sameinaða ásýnd og sparar fjármagn sem mörg sveitarfélaganna voru að setja aukalega í þátttöku á slíkum sýningum.
 - a. Er þetta fyrirkomulag sem sveitarfélaginu hugnast að haldið sé áfram með?
4. Áfangastaðaáætlun Suðurlands var fyrst gefin út árið 2018. Þar er sett fram framtíðarsýn Suðurlands þegar kemur að ferðaþjónustu ásamt markmiðum og aðgerðum til að nálgast þá framtíðarsýn.
 - a. Hefur sveitarfélagið nýtt sér áfangastaðaáætlun Suðurlands?
 - b. Ef já, þá hvernig?
5. Árið 2019 fékk Markaðsstofa Suðurlands styrk frá Sóknaráætlun Suðurlands til að þróa og koma upp myndabanka sem m.a. Markaðsstofan, SASS og sveitarfélögin hafa aðgang að og geta notað í ákveðin verkefni. Myndabankinn er vistaður í kerfi sem heitir Brandcenter.
 - a. Hefur sveitarfélagið nýtt sér myndabanka Suðurlands t.d. í kynningar, á vef, prentefni eða annað slíkt?
 - b. Ef nei, hvers vegna ekki?
6. Árið 2020 fór af stað vinna við Upplifðu.is sem er vefsíða þar sem notendum gefst kostur á að fá hugmyndir að og skipuleggja ferðalagið sitt á myndrænan hátt með stuttum myndbandsbrotum. Þá hafa sveitarfélögin aðgang að bakenda kerfisins sem býður upp á ótal

möguleika á að setja saman myndbönd sem þau geta svo nýtt, að hluta eða heild, í öllu sínu kynningarstarfi.

- a. Hefur sveitarfélagið nýtt sér myndefni úr Upplifðu t.d. á vef, samfélagsmiðla og/eða í kynningar?
 - b. Ef nei, hvers vegna ekki?
7. Markaðsstofan fær fjölmargar ferðaupplýsinga- og blaðamannafyrirspurnir í gegnum vefinn south.is og samfélagsmiðla, sem starfsfólk sér um að svara og stendur að skipulagi og aðstoð við ferðir blaðamanna og áhrifavalda.
- a. Fær sveitarfélagið til sín margar slíkar fyrirspurnir sem það þarf að bregðast við?
 - b. Hefur sveitarfélagið nýtt sér þekkingu og þjónustu Markaðsstofunnar við að svara fyrirspurnum blaðamanna, ferðamanna og annarra um málefni tengd ferðaþjónustu?
 - c. Hefur sveitarfélagið fengið aðstoð Markaðsstofunnar við að taka á móti blaðamönnum eða áhrifavöldum í kynningarskyni?
8. Að lokum, hefur sveitarfélagið ábendingar sem það óskar eftir að koma á framfæri sem getur eflt samstarfið milli sveitarfélaga og Markaðsstofunnar? T.d. er eitthvað sem við erum ekki að gera núna sem mætti bæta við? Eða eitthvað sem við erum að gera sem við ættum að gera minna af?

Með fyrirfram þökk fyrir þátttökuna.

Stjórn og starfsfólk Markaðsstofu Suðurlands

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum, endilega hafið samband við:

Ragnhildi Sveinbjarnardóttur, framkvæmdastjóra Markaðsstofu Suðurlands, ragnhildur@south.is eða s. 867-9689

Selfossi, 25. nóvember 2022

Varðar: Framlengingu á samstarfssamningi við Markaðsstofu Suðurlands

Markaðsstofa Suðurlands færir bæjarstjórn/sveitarstjórn xxx þakkir fyrir þann mikilvæga stuðning sem falinn er í samstarfssamningi við sveitarfélagið undanfarin ár, en hann hefur gert okkur kleift að starfrækja það góða samstarf sem tekist hefur í landshlutanum um þróun, markaðssetningu og kynningu áfangastaðnum Suðurlandi.

Þar sem núverandi samningur milli Sveitarfélagsins xxx og Markaðsstofu Suðurlands rennur út um næstu áramót er þess hér með farið á leit að samningurinn verði endurnýjaður óbreyttur, sem svarar 430 krónum á hvern íbúa til eins árs.

Markaðsstofan hefur nú verið starfrækt í um 13 ár og er samvinnuvettvangur ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja í ferðaþjónustu á Suðurlandi um ímyndarsköpun, þróun og markaðssetningu áfangastaðarins í heild.

Auk sveitarfélaganna kemur ríkið að rekstri Markaðsstofunnar með fjárframlagi í gegnum samninga við Ferðamálastofu, sem er einnig einn helsti samstarfsaðili markaðsstofa landshlutanna. Í fyrra undirritaði Markaðsstofan þriggja ára samning við Ferðamálastofu um verkefni og hlutverk Áfangastaðastofu landshlutans sem unnið hefur verið eftir síðan þá. Einnig hefur Markaðsstofan gert samning við Íslandsstofu um samstarf tengt markaðssetningu landshlutans á erlendum mörkuðum. Þá hefur Markaðsstofan átt í góðu samstarfi við ferðaþjónustuaðila á Suðurlandi og hefur fjölgun orðið á samstarfsfyrirtækjum okkar ár frá ári.

Eftirfarandi yfirlit nær yfir helsta beina ávinning sveitarfélaga af samstarfinu:

- Markaðsstofan vinnur að **markaðssetningu Suðurlands sem áfangastaðar og einstakra svæða innan þess**, byggt á þrískiptingu svæðisins og þar með sveitarfélaganna. Þá er það hlutverk Markaðsstofunnar að samræma ímynd og ásýnd áfangastaðarins og koma henni á framfæri s.s. á vef, samfélagsmiðlum, á ferðasýningum, FAM ferðum og við blaðamenn/áhrifavalda. Slík samhæfing gerir markaðssókn fyrir svæðið markvissari og stuðlar að betri nýtingu fjármuna allra þessara aðila.
- Á **stóru sýningunum hérlendis, MidAtlantic og VestNorden** tryggir Markaðsstofan sýnileika landshlutans í heild og kynnir á fundum með erlendum ferðasölum. Á þessum sýningum greiðir Markaðsstofan kostnað við skráningu og manna básinn ásamt fulltrúum faghóps sveitarfélaganna um ferðamál. Þá hefur Markaðsstofan sótt og kynnt landshlutann á **1-2 sýningum og/eða vinnustofum erlendis** á hverju ári, eftir mörkuðum og áherslum hverju sinni.

- Sveitarfélagið sem og ferðaþjónustutengd starfsemi þess fær góða birtingu á **Íslenskri og enskri vefsíðu** Markaðsstofunnar, www.sudurland.is / www.south.is. Þá hafa Markaðsstofur landshlutanna, með fulltingi sveitarfélaga og landshlutasamtaka, ráðist í metnaðarfullt verkefni, **Upplifðu** (www.upplifdu.is), sem er sannkölluð stafræn bylting þegar kemur að skipulagningu ferðalaga um Ísland. Þar gefst notendum kostur á að sníða ferðalagið nákvæmlega eftir sínu höfði og fá aðstoð við að sjá hvað er í boði á hverjum stað, fá tímaáætlun milli áfangastaða og síðast en ekki síst, uppgötva nýja möguleika, sem með einum smelli eru framsettir á myndrænan hátt. Þá hafa sveitarfélögin aðgang að bakenda kerfisins sem býður upp á ótal möguleika á að setja saman myndbönd sem þau geta svo nýtt, að hluta eða heild, í öllu sínu kynningarstarfi. Þá hefur sveitarfélagið aðgang að veglegum myndabanka sem Markaðsstofan rekur og heldur utan um í gegnum forritið **Brandcenter**.
- Markaðsstofan vinnur og hefur frumkvæði að, fyrir hönd sveitarfélagana og í samvinnu við fulltrúa þeirra, **móttöku blaðamanna** sem og **innlendra og erlendra ferðasala** sem fjalla um og/eða heimsækja Suðurlandið.
- Markaðsstofan heldur utan um og uppfærir **áfangastaðaáætlun Suðurlands**, vinnur að og styður við verkefni sem falla að áherslum hennar auk þess að halda utan um áherslulistu sveitarfélaganna um uppbyggingu áfangastaða. Markaðsstofan kemur listanum til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða ár hvert og sveitarfélögunum stendur til boða ráðgjöf við umsóknarvinnu.
- Markaðsstofan stendur ásamt markaðsstofum landshlutanna að **Mannamóti**, árlegri ferðasýningu sem markaðsstofurnar halda í Reykjavík í lok janúar ár hvert. Markmiðið er að kynna ferðaþjónustu landshlutanna fyrir fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu.
- Samstarfssveitarfélög Markaðsstofunnar geta leitað eftir ýmsum **upplýsingum og fengið leiðbeiningar** hjá starfsmönnum markaðsstofunnar um greinina, markaðssetningar- og kynningarmál.
- Markaðsstofa Suðurlands starfar náið með **öðrum aðilum í stoðþjónustu ferðaþjónustunnar** s.s. Íslandsstofu, Ferðamálastofu, Rannsóknarmiðstöð Ferðamála, SASS og öðrum þeim aðilum sem vinna að eflingu ferðaþjónustu, atvinnuuppbyggingar og jákvæðrar ímyndar Suðurlands. Gegnir Markaðsstofan þar lykilhlutverki í samtali og samvinnu við þessa aðila fyrir hönd sveitarfélaganna.
- Markaðsstofan leiðir samstarf og samtal við **faghóp sveitarfélaganna um ferðamál á Suðurlandi**, en hópinn skipa ferðamála-, markaðs- og kynningamála og atvinnuáfulltrúar sveitarfélagana ásamt fulltrúum klasa.
- Markaðsstofan hefur frumkvæði að þróunarverkefnum og hvetur til nýsköpunar í ferðaþjónustu á starfssvæði sínu í samstarfi við ferðaþjónustufyrirtækin, ferðamálafulltrúa svæðanna, landshlutasamtökin, sveitarfélögin og ýmsar stofnanir.

Nánari upplýsingar um starfsemina er að finna á vefnum okkar <https://www.south.is/is/mss>

Markmið Markaðsstofunnar er að auka veg ferðaþjónustunnar á Suðurlandi með því að laða gesti til landshlutans, fá þá til að dvelja lengur á Suðurlandi sem og að ferðast vítt og breytt um svæðið. Með því



að vinna að sameiginlegum hagsmunum ferðaþjónustunnar á Suðurlandi verður stefnumörkunin skýrari og slagkrafturinn meiri.

Ferðaþjónustan hefur verið ein helsta grunnstoð í atvinnulífinu á Suðurlandi og því er mikilvægt að hlúa að og stuðla þar með að frekari framþróun og sjálfbærni hennar á svæðinu, með gæði og fagmennsku að leiðarljósi. Ferðaþjónustan skapar fjölda starfa, skapar sterkari grundvöll fyrir fjölbreytta þjónustu og styður við uppbyggingu útivistar- og afþreyingarmöguleika fyrir íbúa jafnt sem ferðamenn sem gerir búsetu á Suðurlandi ánægjulegan og spennandi kost. Það er því von okkar að bæjarstjórn/sveitarstjórn xxx fallist á tillögu okkar um að styðja við frekari þróun á þessu sviði með því að framlengja núverandi samstarfssamning til ársloka 2023.

Þá óskar Markaðsstofan eftir því að fá að gera frekari grein fyrir starfseminni í formi kynningar fyrir fulltrúum sveitarfélagsins.

Meðfylgjandi er:

- Afrit af ársuppgjöri ársins 2021

F.h. Markaðsstofu Suðurlands

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri

Faghópur sveitarfélaga á Suðurlandi um ferðamál

Tilgangur og markmið

- Efla samstarf sveitarfélaga á Suðurlandi og MSS um ferðamál.
- Vera fagræð Suðurlands í ferðamálum.
- Samskiptavettvangur um farveg, útfærslu og framgang hugmynda tengd ferðamálum í landshlutanum.
- Vettvangur til að undirbúa hagsmunagæslu fyrir landshlutann í ferðamálum.
- Gæta heildarhagsmuna í ferðamálum á svæðinu.
- Bakland og tengslanet starfsmanna sem sinna ferðamálum innan sveitarfélaga á Suðurlandi.
- Miðlun upplýsinga um ferðamál milli svæða, sveitarfélaga og MSS, innan landshluta og utan.
- Skapa heildarsýn á áfangastaðinn Suðurlands.

Hlutverk og ábyrgð

- Fulltrúar sveitarfélaga eru tengiliðir við MSS samkvæmt samningum sveitarfélagana og MSS.
- MSS sér um að halda utan um starf og samskipti faghópsins s.s. að setja fram fundartíma, boða fundi, senda út dagskrá og stýra fundum í samstarfi við gestgjafa hverju sinni.
- Ritarahlutverk er á höndum MSS. Ritaðir eru fundarpunktur á hverjum fundi sem síðan eru sendir á faghópin.
- Aðilar innan faghópsins undirbúa miðlun upplýsinga, um ferðamál af sínu svæði, fyrir hvern fund.
- Aðilar innan faghópsins upplýsa sitt bakland/sveitarfélag um störf og verkefni, fylgja eftir erindum, verkefnum og ákvörðunum hjá sínu sveitarfélagi.
- Aðilar innan faghópsins vinna saman að móttöku gesta, s.s. fjölmíðlum og FAM kynningarferðum.
- Minni hópar innan faghópsins funda einnig vegna einstaka verkefna, eftir því sem við á.

Árangur

- Samstarf sveitarfélaga á sviði ferðamála á Suðurlandi er víðtækt, eykur slagkraft og er mikilvægt fyrir ferðaþjónustu í landshlutanum.
- Mikilvæg tengsl myndast á milli svæða og hefur samstarf aukist víða.
- Upplýsingamiðlun milli sveitarfélaga og MSS hefur aukist og fagleg samræmd ásjýnd svæðisins hefur batnað.

Megin verkefni

- Sýningar: Sameiginleg þátttaka MSS og faghóps í framkvæmd á sýningum og viðburðum á Íslandi.
- Kortaútgáfa: samstarf varðandi gerð, prentun og dreifingu sem hluti af sameiginlegri ásjýnd landshlutans.
- Svæðiskortin á ábyrgð sveitarfélaga, heildarkort á ábyrgð MSS sem jafnframt leggur til starfsmann í utanumhald og samskipti vegna svæðiskorta.
- Upplýsingamiðlun: miðlun upplýsinga milli svæða, sveitarfélaga og MSS. Á fundum er farið yfir helstu nýjungar og fréttir af svæðunum.
- Haust- og vetrarfrís verkefnið: Markmið að fá fjölskyldur til þess að dvelja á Suðurlandi í haust- og vetrarfríum með því að draga fram þjónustu og afþreyingu á hverju svæði.
- Annað tilfallandi.

Gögn

- Vinnugögn og fundarpunktur eru vistuð hjá Markaðsstofu Suðurlands

Faghópur um ferðamál - samskiptaleiðarljós:

- Við mætum á réttum tíma, vel undirbúin og tilbúin að hefja fundinn á þeim tíma sem hann er settur.
- Virðing er borin fyrir ólíkum skoðunum
- Innan hópsins ríkir traust, allir þora og segja það sem þeim finnst og biðja um hjálp ef þurfa þykir

Fundur:

- Fundir eru að jafnaði haldnir annan miðvikudag í eftirfarandi mánuðum, september, nóvember, febrúar og apríl. Fundir eru fjárfundir nema 1-2 á ári og þá skiptast aðilar innan hópsins á að halda fundi á mismunandi svæðum.
- Fundir byrja kl. 10:00 og standa í u.þ.b. tvo tíma, eftir fundi er möguleiki á að fara í stutta skoðunarferð um svæðið.

Í faghópnum eru:

- Sveitarfélög á Suðurlandi: Aðilar frá öllum samstarfssveitarfélögum.
- Markaðsstofa Suðurlands, MSS: Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, GSM 867-9689, netf. ragnhildur@south.is
Vala Hauksdóttir; GSM 864-6002, netf. vala@south.is



Markaðsstofa
Suðurlands

Starfsáætlun 2023

Starfsáætlun 2023

Um Markaðsstofuna

Markaðsstofan er sjálfseignarstofnun, en stofnaðilar eru:

- Ferðamálasamtök Suðurlands
- Atvinnuþróunarfélag Suðurlands
- Rúnturinn um Rangárþing – Visit South Iceland ehf
- Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu

Stjórn Markaðsstofu Suðurlands 2022-2023

Stjórn Markaðsstofu Suðurlands (MSS) er tilnefnd og kjörin á aðalfundi til eins árs í senn:

- Ágúst Elvarsson, Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu
- Ásgerður Kristín Gylfadóttir, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
- Katrín Ó. Sigurðardóttir, Visit South Iceland ehf, formaður
- Grétar Ingi Erlendsson, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga,
- Geir Gígja, Ferðamálasamtök Suðurlands – kosinn á aðalfundi
- Guðmundur Fannar Vigfússon, varaformaður, Ferðamálasamtök Suðurlands – kosinn á aðalfundi

Varamenn:

- Engilbert Olgeirsson – Visit South Iceland ehf
- Íris Heiður Jóhannsdóttir – Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu
- Ása Valdís Árnadóttir - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
- Friðrik Sigurbjörnsson - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
- Erla Þórdís Traustadóttir – Ferðamálasamtök Suðurlands
- Dóróthea Ármann – Ferðamálasamtök Suðurlands

Starfsmenn – 4 stöðugildi

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri

Vala Hauksdóttir, verkefnastjóri Áfangastaðaáætlunar (DMP)

Stefán Friðrik Friðriksson, verkefnastjóri markaðsmála

Nejra Mesetovic, verkefnastjóri

Hlutverk Markaðsstofu Suðurlands

Markaðsstofa Suðurlands er samvinnuvettvangur ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja í ferðaþjónustu á Suðurlandi um ímyndarsköpun, þróun og markaðssetningu áfangastaðarins í heild.

Markaðsstofan, með hlutverkum Áfangastaðastofu, markar stefnu fyrir ferðaþjónustu innan landshlutans í gegnum áfangastaðaáætlun ásamt því að sinna fjölþættu kynningarstarfi og ráðgjöf til fyrirtækja varðandi markaðssetningu. Markaðsstofan kemur fram fyrir hönd landshlutans á ferðasýningum og -kynningum innanlands og erlendis og með því eru kynningarmál samhæfð, gerð skilvirkari auk þess að minnka kostnað. Markaðsstofan sinnir hagsmunagæslu fyrir landshlutann þegar kemur að ferðamálum og á í góðu samstarfi við aðila innan svæðis, í öðrum landshlutum, ráðuneyti og opinberar stofnanir. Markaðsstofan vinnur einnig að því að skapa þekkingu, miðla upplýsingum og styðja við nýsköpun í ferðamálum í landshlutanum.

Markaðsstofa Suðurlands er því drifkraftur þróunar ferðamála í landshlutanum og fyrsti snertiflötur í málefnum ferðapjónustu á starfssvæðinu sem nær frá Lónsheiði í austri að Sandskeiði í vestri auk Vestmannaeyja. Innan þessa starfssvæðis eru 15 sveitarfélög og rúmlega 31 þúsund íbúar.

Markaðsstofa Suðurlands býr yfir sérþekkingu og yfirsýn yfir málaflokkinn, ásamt því að hafa víðtæk tengsl innan svæðisins og annarra landsvæða.

Tekjur Markaðsstofunnar koma frá ríkissjóði í gegnum samninga við Ferðamálastofu og Íslandsstofu, samstarfssveitarfélögum á Suðurlandi sem og samstarfsfyrirtækjum í ferðapjónustu og tengdum greinum. Þá er Markaðsstofan með samning við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) um að sinna markaðs- og ferðapjónustu tengdum verkefnum, atvinnuráðgjöf og umsýslu verkefna Sóknaráætlunar. Þá aflar Markaðsstofan eftir föngum sértekna sem m.a. eru eyrnamerkta sérverkefnum.

Starfsáætlun Markaðsstofu Suðurlands fyrir árið 2023 byggir fyrst og fremst á samstarfssamningum stofunnar við þessa aðila. Þá miðast áherslur ársins við Áfangastaðaáætlun Suðurlands.

Stefnuáherslur MSS 2023



FRAMTÍÐARSÝN SUÐURLANDS Í FERÐAÞJÓNUSTU:

Ferðapjónusta á Suðurlandi er **sjálfbær** þar sem lögd er áhersla á **heildræna þróun í sátt við náttúru og samfélag**. Ferðapjónustan er **öflug atvinnugrein** og **samvinna ríkir** á milli mismunandi hagsmunaaðila þar sem hugað er að **gæðum, upplifun, upplýsingagjöf, fræðslu og ánægju gesta**.



AÐGREINING OG LOFORD:

Suðurland býr yfir fjölbreyttri og stórfenglegri náttúru með mikið aðdráttarafl sem auðvelt er að nálgast og upplifa allt árið um kring. Fjölbreytileiki og gæði þjónustu gerir gestum kleift að njóta þess besta sem Ísland hefur upp á að bjóða.



MARKAÐSÁHERSLUR - VIÐSKIPTUVINURINN Í FORGRUNNI

MARKMIÐ: LENGJA DVÖL, HÆGJA Á FERÐAMANNINUM OG FÁ GESTI TIL AÐ FARA VIÐAR UM SUÐURLAND.

AÐGERDIR: Draga fram þrískiptingu og styrkleika hvers svæðis - fjölga stórum og smáum seglum - matar- og menningartengd ferðapjónusta

Eitt helsta hlutverk Markaðsstofu Suðurlands er að standa fyrir samræmdu og öflugum markaðsstarfi fyrir landshlutann með það að markmiði að laða til hans innlenda og erlenda gesti.

Þá tekur MSS þátt í fundum, ráðstefnum og á öðrum umræðuvettvöngum er snúa að ferðapjónustutengdum málefnum, aflar upplýsinga og þekkingar og miðlar áfram eftir föngum. Einnig er það hlutverk MSS að sinna ráðgjöf til hagaðila ásamt því að standa að öflugri upplýsingamiðlun milli hagsmunaaðila stofunnar.



Markaðsstofan er einn hlekkur í stoðþjónustu ferðapjónustunnar og tengiliður hennar bæði innan landshlutans og utan – sjá mynd.



Markaðsstofa - Áfangastaðastofa

Með samningum við Ferðamálastofu og SASS fer Markaðsstofan með hlutverk Áfangastaðastofu fyrir landshlutann.

HLUTVERK

ÁFANGASTAÐASTOFU



Forsendur

Starfsáætlun tekur mið af Framtíðarsýn og leiðarljósi íslenskrar ferðaþjónustu til 2030 sem unnin var í samvinnu ríkis, sveitarfélaga og greinarinnar. Þar birtast m.a. eftirfarandi áherslur:

- Efnahagur - Arðsemi ofar fjölda ferðamanna
- a. Aukin framleiðni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni um land allt.
- b. Ábyrg ferðaþjónusta sem nýtir tækni, nýsköpun og vöruþróun.
- c. Sókn á verðmæta markaði og samræmi milli stefnu í flugsamgöngum og ferðaþjónustu. Samfélag og heimamenn - Ávinningur heimamanna um allt land
- d. Jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði.
- e. Áhersla á stjórnun og uppbyggingu áfangastaða og að ferðamenn ferðist um land allt, árið um kring. f. Allir landshlutar njóti ávinnings af ferðaþjónustu. Samfélag og ferðamenn - Einstök upplifun, gæði og fagmennska
- g. Upplifun gesta sé betri eða í samræmi við væntingar.
- h. Náttúra, menning og afþreying stuðla að einstakri upplifun gesta.
- i. Fagmennska, gæði og öryggi einkenna íslenska ferðaþjónustu. Umhverfi - Jafnvægi milli verndar og hagnýtingar
- j. Minnkandi kolefnaspor og forystuhlutverk í orkuskiptum og nýtingu vistvænna orkugjafa.
- k. Jafnvægi milli hagnýtingar og verndar náttúru og uppbygging innviða taki mið af því.
- l. Virðing fyrir þolmörkum og álagsstýring á áfangastöðum ferðamanna.

Samstarf - grunnstarfsemin

Víðtækt samtal og samstarf er grunnurinn að starfi Markaðsstofunnar bæði í tengslum við áfangastaðaáætlun og einnig mikilvægur grundvöllur í markaðssetningu áfangastaðarins.

Samstarfsfyrirtæki Markaðsstofunnar gefa starfseminni lykilsforsendur til starfsins og eru í raun megin grundvöllur starfseminnar. Í gegnum samstarfsfyrirtækin fær MSS góða og virka tengingu við grasrótina á svæðinu varðandi hugmyndir, innsýn á markað og áherslur sem hægt er að nýta inn í verkefni og hagsmunagæslu. Þá leggja samstarfsfyrirtækin til grunninn í þjónustu- og vöruframboði svæðisins sem svo laðar að gesti og skapa virði inn í starfið í gegnum FAM og fjölmiðlaferðir. Þá leggja samstarfsfyrirtækin grunninn að vöruþróun, nýsköpun, viðburðum, efnissköpun, kynningu og markaðsstarfi landshlutans.

Sveitarfélög á Suðurlandi eru mikilvægir samstarfsaðilar Markaðsstofunnar. Formgert og virkt samstarf er við faghóp sveitarfélaganna í ferðamálum sem gegnir lykilhutverki í öflugu innra starfi hennar, en hópurinn hittist annan hvern mánuð (utan sumarmánuða) yfir árið. Hópurinn kemur með hugmyndir, áherslur og innlegg í umræður sem styður við hagsmunagæslu svæðisins og miðlar upplýsingum bæði inn til síns sveitarfélags og til Markaðsstofunnar. Sveitarfélögin eru lykilaðilar þegar kemur að skipulagi og uppbyggingu áfangastaða og gegna faghópsfulltrúar mikilvægu hlutverki sem tengiliðir MSS við þá vinnu. Einnig leggja þau til markaðsefni og áherslur sveitarfélagsins auk þess að taka þátt í sýningum og annarri markaðssetningu eftir fönngum s.s. móttöku ferðasala, blaðamanna og annarra gesta.

Í gegnum samstarfssamning Markaðsstofunnar við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) vinnur Markaðsstofan að þeim áherslum sem til grundvallar liggja hverju sinni, sem m.a. byggja á Sóknaráætlun landshlutans ásamt tengdum verkefnum er lúta að grunnstarfsemi SASS. Þá sinnir Markaðsstofan atvinnuráðgjöf til nýrra og starfandi fyrirtækja sem og eftirfylgni og umsýslu verkefna Sóknaráætlunar ásamt öðrum verkefnum á sviði nýsköpunar og byggðapróunar. Markaðsstofan gegnir þar hlutverki sérfræðings í ferðamálum í landshlutanum ásamt markaðsmálum.



Markaðsstofan sinnir markaðssetningu á erlendum mörkuðum á grunni samnings við Íslandsstofu. Íslandsstofa og Markaðsstofan vinna náið saman að markaðssetningu og kynningarstarfi á sviði ferðaþjónustu og fyrir áfangastaðinn Ísland og þar með Suðurland. Markaðsstofan sinnir mikilvægu hlutverki við að miðla upplýsingum og markaðsefni til Íslandsstofu á grundvelli áfangastaðaáætlana og veita ráðgjöf ásamt því að taka þátt í ýmsum verkefnum. Íslandsstofa veitir áfangastaðastofunni fjárframlag til að sinna þessu hlutverki og taka þátt í verkefnum sem Íslandsstofa stendur fyrir.

Markaðsstofur landshlutanna (MAS) halda reglulega fundi og eiga í öflugum samstarfi sem snýr m.a. að hagsmunagæslu landshlutanna. Auk þess halda þær sameiginlega viðburði s.s. Mannamót og Haustráðstefnu með það að markmiði að markaðssetja svæðin og ekki hvað síst lítil og meðalstór fyrirtæki innan þeirra. Þá heldur MAS úti sameiginlegu vefsvæði (www.markadsstofur.is) utan um samstarfið og viðburði sína. Þess utan heldur hver landshluti úti opinberum upplýsingavef sem er með sambærilegu viðmóti og útliti til að tryggja samræmda ásýnd opinberrar upplýsingagjafar fyrir ferðamenn. Þá mun framhald af vinnu við stefnumótun Markaðsstofanna og innleiðing þeirrar stefnu halda áfram árið 2023. Einnig mun fara fram á árinu vinna við endurnýjun samninga um áfangastaðastofur við Ferðamálastofu auk endurnýjunar samstarfssamnings við Íslandsstofu.

Aðrir helstu samstarfsaðilar Markaðsstofunnar eru:

- Ferðaheildsalar – innlendir og erlendir
- Fræðsluaðilar; Fræðslumiðstöðvar, Þekkingarsetur, Framhaldsskólar, Háskólar, Háskólafélag Suðurlands, og Hæfnisetur Ferðaþjónustunnar og aðrir
- Klasar, Þjóðgarðar og tengdar stofnanir á Suðurlandi; t.a.m. Katla Jarðvangur, Ríki Vatnajökuls, Vatnajökulsþjóðgarður, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Umhverfisstofnun
- Rannsóknaraðilar; Rannsóknamiðstöð Ferðamála, Ferðamálastofa/Íslandsstofa, Háskólar, Hagstofan og aðrir
- Safetravel
- Samtök ferðaþjónustunnar, SAF
- Ráðuneyti
- Héraðsmiðlar, fjölmiðlar og fleiri
- Íslenski ferðaklasinn um ábyrga ferðaþjónustu, Startup tourism

Áfangastaðaáætlun Suðurlands, DMP

Áfangastaðaáætlun Suðurlands leggur til grunnforsendur fyrir áherslur í starfsáætlun Markaðsstofunnar 2023. Þá verður markvisst unnið með hagsmunaaðilum að framgangi áherslna og verkefnaáætlunar Áfangastaðaáætlunar.

Innviðir og þróun

- Vinna að áherslum, verkefnum og eftirfylgni uppfærðrar Áfangastaðaáætlunar 2023-2025 sem eru; sjálfbær þróun, samtal og samvinna, ábyrg ferðaþjónusta, öryggi og aðgengi, náttúruvernd, áhrif ferðaþjónustu á samfélög, stýring og dreifing ferðamanna, gæði og gæðamál, upplýsingagjöf, merkingar og fræðsla, fjárfesting og nýsköpun, rannsóknir og hagtölur og samgöngumál.
- Uppfærð áfangastaðaáætlun Suðurlands verður gefin út, sett fram á skýrsluformi og að hluta rafrænt. Þá verður hún kynnt helstu hagaðilum og unnið að innleiðingu.
 - Áætlunin verður send til kynningar hjá sveitarfélögum.
 - Áætlunin verður send til kynningar til stöðeininga tengdum ferðaþjónustunni á Suðurlandi s.s Umhverfisstofnun, Minjastofnun, Þjóðgarðinn á Þingvöllum, Vatnajökulsþjóðgarð og Skógræktina.

- Áætlunin verður kynnt fyrir hlutaðeigandi starfsfólki sveitarfélaga, ferðaþjónustuaðilum, öðrum stoðeiningum á svæðinu og íbúum.
- Áframhaldandi samtal og samstarf verður við sveitarfélög, ferðaþjónustuaðila og landeigendur um efni og framkvæmd áætlunarinnar.

Fræðsla og þjálfun

- Áframhaldandi samtal og samstarf við hagaðila í fræðslumálum innan svæðis og móta verkferla fyrir vinnu við að greina stöðu, þörf og áherslur í fræðslu og þjálfun í ferðaþjónustu.
- Skapa vettvang til að miðla upplýsingum um þá fræðslu sem er í boði með áherslu á að draga fram staðbundna fræðsluaðila og auðvelda aðgengi greinarinnar að upplýsingum um það sem er í boði.
- Taka þátt í þróunarverkefnum tengdum fræðslu eins og við á.

Greiningar

- Vinna þarfagreiningu rannsókna og mælinga fyrir landshlutann, þrískiptingu Suðurlands sem og á landsvísu.
- Móta verkferla og ramma utan um svæðisbundnar rannsóknir með samtali og samstarfi við viðeigandi hagaðila.
- Taka saman reglulega ýmsar upplýsingar og opinberar hagtölur og annað efni sem gagnast greininni og verkefnum Markaðsstofunnar og miðla áfram til hagaðila.

Endurskoðun áætlunarinnar og samvinna við nærsamfélagið

- Áframhaldandi samtal, samstarf og ráðgjöf til sveitarfélaga.
- Þátttaka, yfirferð og umsögn í ferðaþjónustutengdum verkefnum sveitarfélaga, s.s. þróunarverkefnum, ferðamálaköflum aðalskipulaga og annarra áætlana, sé eftir því leitað.
- Áframhaldandi samtal og samstarf við aðrar staðbundnar stofnanir auk þess að bjóða ráðgjöf til þeirra s.s. Vatnajökulspjóðgarð, Þjóðgarðinn á Þingvöllum, Kötlu jarðvang, Umhverfisstofnun, SASS og fleiri. Einnig koma að ferðaþjónustutengdum áætlunum og verkefnum þeirra, sé þess óskað.
- Eiga samtal við ferðaþjónustufyrirtæki, íbúa og aðra hagaðila, bæði óformlega og á formlegum fundum í tengslum við verkefni MSS.

Eftirfarandi verkefni eru forgangsverkefni Áfangastaðaætlunar 2023:

- Vöruþróun og nýsköpun

Ný ferðaleið, Eldfjallaleiðin (The Volcanic Way) – Áfram verður unnið að mótun Eldfjallaleiðarinnar (The Volcanic Way), í samstarfi við Markaðsstofu Reykjaness. Verkefnið hefur hlotið styrk upp á 3.500.000 kr. úr Sóknaráætlun Suðurlands fyrir árið, enda er mikill áhugi á meðal hagaðila um ferðaleiðina. Með Eldfjallaleiðinni er eldvirknin dregin fram sem eitt af megin einkennum Suðurlands og nú Reykjaness, frá Reykjanesbæ austur til Hafnar í Hornafirði. Markmiðið er að lengja dvöl ferðamanna innan landshlutanna með því að draga fram þá staði og þjónustu sem nú þegar eru til staðar ásamt því að greina tækifæri á nýsköpun og nýrri uppbyggingu á leiðinni. Unnið verður með Lífsglaða heimsborgarann sem lykil markhóp og stuðlað að hugarfarsbreytingu í takt við Slow travel og Regenerative tourism. Verkefnið byggir á virku samstarfi á milli sveitarfélaga á Suðurlandi og Reykjanesi, tveggja UNESCO jarðvanga, þjóðgarðanna, Ríki Vatnajökuls og rekstraraðila tengdum ferðaþjónustu á leiðinni. Markaðsstofan leiðir þá vinnu og byggir á reynslu, þekkingu og verklagi sem varð til þegar unnið var að Vitaleiðinni 2019/2020. Vinnustofur voru haldnar með hagaðilum leiðarinnar haustið 2022 með góðum árangri. Á árinu 2023 er markmiðið að fastmóta



ferðaleiðina og vinna að efnissköpun, vefsíðu, kynningu og gerð annars markaðsefnis í áframhaldandi samstarfi við Markaðsstofu Reykjaness.

Núverandi ferðaleiðir – Áframhaldandi vinna við Vitaleiðina í samstarfi við Árborg. Kynna leiðina innanlands og fyrir erlendum mörkuðum (B2B/B2C). Vinna nánari ferðalýsingar og þetta efni sem tengist leiðinni auk þess að hvetja til meiri tenginga ferðþjónustuaðila við leiðina.

Þá verður áfram stutt við rótgrónar ferðaleiðir sbr. Gullna hringinn og Suðurströndina. Ramma þær betur inn fyrir kynningarefni og frekari markaðssetningu, halda vinnufundi, efla verkfærakistu auk þess að vinna með frásagnir, merkingar og uppbyggingu á þessum leiðum.

Tengja ferðaleiðir við upplifunarferðalag ferðamannsins og halda áfram að bæta við tólum og tækjum við verkfærakistu sem sveitarfélög, landeigendur og aðrir sem vinna að uppbyggingu áningar- og áfangastaða geta nýtt sér.

Þematengd ferðþjónusta - Síðustu misseri hefur orðið aukin áhersla á búa til vörur í ferðþjónustu sem höfða til áhugasviðs gesta frekar en að horfa í lýðfræðilega þætti eins og aldur, kyn, búsetu og tekjur. Unnið verður með fjölbreytt þemu á Suðurlandi og þau sett fram á skýran og samræmdan hátt á vefsíðu Markaðsstofunnar, south.is. Á árinu 2022 voru tvö þemu dregin fram á sérstökum þemasíðum sem auðvelda ferðamönnum að skipuleggja ferð sína eftir áhugasviði: Fossar og UNESCO staðir. Á þemasíðum er viðfangsefnið dregið fram á korti auk fræðslu og upplýsinga um tengda staði og þjónustu. Fleiri þemu sem vinna má með eru til dæmis matur, söfn og sýningar, jarðfræði, jarðvarmi, hálendi, gönguleiðir, saga og menning og fuglaskoðun.

Matarauður Suðurlands - Halda áfram að hagnýta fyrri fasa verkefnisins fyrir aðila innan svæðis m.a. með því að tengja hagaðila betur saman og auka samtalið um mat, matarferðþjónustu og vörubrúun. Fara í frekari efnissköpun og markaðssetningu matarupplifunar á Suðurlandi og efla Suðurland sem mataráfangastað.

- Efnissköpun fyrir áfangastaðinn Suðurland
Suðurland á mikið undir ferðþjónustunni svo mikilvæg áhersla ársins 2023 er öflug kynning á landshlutanum fyrir innlenda og erlenda gesti. Vefsíða, samfélagsmiðlar og efnissköpun skipta þar lykil máli. Draga fram og halda á lofti orðspori áfangastaðarins, vinna í að viðhalda háu ánægjuskori ferðamanna sem heimsækja Suðurland og mæta hugsanlegum áhyggjum um of mikinn fjölda ferðamanna. Einnig er miðlun og fræðsla til ferðþjónustuaðila um mikilvægi m.a. vörubrúunar og aðgreiningar í markaðssetningu mikilvæg þar sem þessir þættir skipta miklu máli.


Önnur möguleg ný verkefni (háð fjármögnun) – vörubrúun og nýsköpun:

- Menning og saga Suðurlands – nýtt verkefni ef fjármagn fæst
Fara í undirbúning og greiningu/grunnvinnu líkt og unnið var í fyrsta fasa Matarauðs Suðurlands. Hvaða grunnur er til staðar og hvernig vinnum við með grunninn? Verkfærakista fyrir fyrirtæki, sveitarfélög og svæði til að vinna betur með menningu og sögu fyrirtækisins/svæðisins/sveitarfélags í vörubrúun með það að markmiði að auka upplifun gesta. Vinnustofur um hönnun upplifunar, frásagnir og vörubrúun. Svo þarf að fara innleiðingu og kynningu til hagnýtingar hagaðila auk markaðssetningar og efnissköpunar.

Markaðssetning


Markaðssetning áfangastaðarins Suðurlands er eitt af meginverkefnum Markaðsstofunnar og snýr að mismunandi markhópum sem eru tilgreindir í markaðsgreiningu áfangastaðarins. Markaðsaðgerðir taka mið af mismunandi leiðum og aðgerðum á neytendamarkaði (B2B) og fyrirtækjamarkaði (B2C). Mismunandi markaðsaðgerðir eru nýttar til markaðssóknar sem listaðar eru í markaðsáætlun ársins.

Markaðsmál og markaðsaðgerðir MSS er mjög viðamikil og margir snertifletir sem þarf að huga að. Myndin hér að neðan sýnir yfirlit yfir markaðsmál Markaðsstofu Suðurlands og hversu viðmikil starfsemin nær utan um. Um er að ræða innri og ytri atriði sem snerta starfsemi Markaðsstofunnar og hvernig sumar boðleiðir liggja gagnvart ferðamönnum og kynningu á landshlutanum.



Áherslur Markaðsstofunnar í markaðssetningu áfangastaðarins Suðurlands miða að því að ná til ferðamannsins þegar hann er að láta sig dreyma og plana og hvetja hann til að bóka ásamt því að deila upplifunum.

Markaðssetning áfangastaðar



Í markaðssókn er þrískipting svæðisins til grundvallar með það að megin markmiði að draga fram styrkleika hvers svæðis innan landshlutans til að hafa áhrif á lengd dvalar gesta, innlendra og erlendra.

Þá miða markaðsskilaboðin að mismunandi markhópum Suðurlands, sem eru helstir:



Makindalegi menningarvitinn

Njóta og slappa af



Lífsglaði heimsborgarinn

Náttúra og menning



Sjálfstæði landkönnuðurinn

Virk upplifun og
ævintýramennska

Sjá mynd með þremur helstu markhópunum en til viðbótar þeim miðast skilaboðin að fjölskyldufólki (erlendu) og Íslendingum. Íslendingum má svo aftur skipta í þrjá megin markhópa útfrá áhugasviði; fjölskyldan (náttúra og menning), „heldri borgarar“ (njóta og slappa af) sem og hreyfing og vellíðan (virk upplifun og ævintýramennska).

Markaðsaðgerðir ársins eru tilteknaðar í Markaðsáætlun MSS 2023 og telja meðal annars:

- Vefsíðan south.is/sudurland.is – stöðug vinna við efnissköpun og uppfærslu sem og auka fjölda heimsókna inn á vefinn.
- [Upplifðu.is](https://upplifdu.is) – unnið að áframhaldandi þróun efnis á vefnum og markaðssetningu á lausninni bæði til ferðamanna, ferðaskrifstofa og innan landshlutans til samstarfsfyrirtækja og sveitarfélaga. Verður unnið í samstarfi við MAS og Íslandsstofu.
- Samfélagsmiðlar – Uppfærsla og þróun; unnið með Facebook, Instagram, YouTube, blogg og viðburði. Vinna að áframhaldandi vexti samfélagsmiðla í fylgjendum og efnissköpun. Efnisvinnsla verður eftir því sem við á sem og nýting á efni sem nú þegar er til s.s. myndbanda á Brandcenter, efni af [Upplifðu.is](https://upplifdu.is), kynningarmyndbanda og fl. Sjá nánar í Markaðsáætlun 2023.

- PR og áhrifavaldar – koma að skipulagningu ferða fyrir innlenda og erlenda blaðamanna og áhrifavalda auk þess að svara fyrirspurnum og skapa efni fyrir innlenda sem erlenda fjölmiðla.
- Herferðir – innanlandsmarkaður* (vetrarfrí, páskar, sumarfrí, haustfrí og jóll) og erlend markaðssókn. Nýta áfram þegar við á slagorðið „Ferðast á suðrænar slóðir“.
- Viðskiptatengsl við ferðasala – standa fyrir FAM kynningarferðum fyrir innlenda og erlenda aðila, halda kynningar, senda fréttabréf m.a. með fréttum af nýjungum á svæðinu og kynna verkfærakistu fyrir þá sem eru að selja Suðurland.
- Sýningar og vinnustofur – Mannamót 2023 verða haldin í 19. janúar. Auk þess mun MSS taka þátt í viðburðum innanlands og erlendis s.s. Mid Atlantic, VestNorden og fleiri viðburðum við hæfi. Vinna áfram greiningar á tækifærum á nýjum mörkuðum. Undirbúningur og framkvæmd Mannamóta 2024.
- Innra starf, fundir og samvinna – haldnir verða súpufundir, aðalfundur með málþingi og árs hátíð þar sem veittar eru viðurkenningar fyrir Sprotu ársins og Framlags til ferðaþjónustu, kynningar á uppfærðri áfangastaðaáætlun og áfangastaðastofu sem og Hausráðstefna MAS. Þá verður haldið áfram að gefa reglulega út fréttabréf og setja inn upplýsingar á vefsíðu. MSS mun eiga fulltrúa í ýmsum verkefnum, nefndum og ráðum ásamt því að sækja fundi eftir því sem við á.
- Efnissköpun – unnið að áframhaldandi framleiðslu og söfnun efnis, jafnt myndbanda og mynda, sem nýta mun til birtinga á samfélagsmiðlum og öðru vettvangi.

Rekstur, starfsmannamál og áætlanagerð

Hverri grunnstarfsemi fylgja almennir þættir tengdir rekstri, starfsmannamálum og áætlanagerð og tekur starfsáætlun 2022 mið af því.

**með fyrirvara um fjármögnun og hugsanlegar breytingar
12/2022 RS*